



28. október 2017

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 12
690 Vopnafjörður

SÝNATÖKUSKÝRSLA

Staður eftirlits: Sorpurðunarstaður Vopnvirðinga á Búðaröxl
Dags. eftirlits: 25.9.2017
Tílefni eftirlits: Sýnataka skv. samkomulagi milli HAUST og sveitarfélagsins Vopnafjarðar, sem er starfsleyfishafi urðunarstaðarins.
Heilbrigðisfulltrúi: Lára Guðmundsdóttir
Fulltrúi Vopnafjarðar: Oddur Pétur Guðmundsson

Skv. ákvæðum starfsleyfis skal taka sýnaröð tvisvar árlega, þ.e. fyrir 1. maí og fyrir 1. okt. ár hvert skv. nánari fyrirmælum í gr. 5.2 í starfsleyfi.

Sýnatökustaðir eru skv. starfsleyfi sex talsins:

Neðan hreinsivirkis (VF1)

Skólalón

Við innrennsli sigvatns/yfirborðsvatns (VF2)

u.þ.b. 200 m ofan við innrennsli sigvatns/yfirborðsvatns (VF3)

Mælibrunnar

ofan urðunarstaðar (VF4)

neðan urðunarstaðar, norðan til (VF5)

neðan urðunarstaðar, sunnan til (VF6)

Engin sýni voru tekin fyrir 1. maí þetta árið þar sem ekki var búið að útbúa sýnatökubrunna eða koma fyrir hreinsivirki. Tillaga um að sleppa þessari sýnatöku var samþykkt af Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 10.4.2017, sbr. afrit af tölvupósti sem fylgir aftan við skýrslu þessa.

Þrátt fyrir að enn væri ekki búið að útbúa sýnatökubrunna eða koma fyrir hreinsivirki í lok september var ákveðið að taka sýni eftir því sem hægt væri. Þann 29.5. fór heilbrigðisfulltrúi á vettvang og tók sýni skv. ákvæðum starfsleyfi á þrem stöðum, þ.e. tvö úr Skógalóni skv. ákvæðum starfsleyfis og eitt úr fráveituskurði sunnan urðunarstaðarins. Úr þeim skurði hafa áður verið tekin sýni.

Sýnin voru tekin seinni part dags og þeim komið innan 24 klst til rannsóknastofu MATÍS, sem áframsendi hluta sýnanna til rannsókna hjá ALS í Svíþjóð.

Niðurstöðublöð frá rannsóknastofum hafa þegar verið send til sveitarfélagsins. Samantekt HAUST á mæliniðurstöðum fylgir aftan við skýrslu þessa, ef misræmi er milli niðurstöðublaða og skráningar HAUST, þá gilda auðvitað niðurstöðublöðin.

Niðurstöðublöðin og skýrsla þessi eru send í tölvupósti til sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar skv. samkomulagi milli HAUST og sveitarfélagsins.

Reikningur vegna vinnu við sýnatöku, sendingarkostnað og kostnað rannsóknastofanna verður sendur sveitarfélaginu þegar kostnaður rannsóknastofu liggur fyrir.

Ef einhverjar athugasemdir eða spurningar vakna þá endilega hafið samband.

Virðingarfyllst,



Helga Hreinsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Sent í tölvupósti til sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar
Afrit sent til Umhverfisstofnunar

Urðunarstaður Vopnfirðinga á Búðaröxl, niðurstöður sýna árið 2017

		sýni tekin 25.9.2017		
		Skógalón		engir mælibrunnar komnir
mælipáttur	eining	neðan við innrennsli sigvatns / yfirborðsvatns	u.þ.b. 200 m ofan við innrennsli sigvatns/yfirborðsvatns	neðan urðunarstaðar, sunnan til tekið úr skurði sunnan og neðan urðunarstaðar
		VF2	VF3	VF6
hæð grunnvatnsborðs				
hitastig	°C			
leiðni		41	41	270
pH		8,05	8,1	6,9
svifagnir		16	13	
súrefnisþörf, COD				63
ammóníum, NH ₄ ⁺		0,603		4,48
nítrat, NO ₃ ⁻		<2,00	<2,00	<2,00
nítrat N		<0,500	<0,500	<0,500
Ammoníum N		0,468		3,48
fosfór, P _{heild}		0,015	0,016	0,019
Olía/fita		<0,1	<0,1	0,1
lífræn halógensambönd, AOX		0,227	2,79	0,021
blý, Pb		<0,5	<0,5	<0,5
kvikasilfur, Hg		<0,02	<0,02	<0,02
kadmíum, Cd		<0,05	<0,05	<0,05
króm, Cr		<0,9	<0,9	
kopar, Cu		<1	<1	
sink, Zn		<4	<4	
arsen, As		4,22	4,5	
nikkel, Ni		<0,6	<0,6	
tin, Sn				<0,5
fosfat, PO ₄ ⁻³		<0,040	<0,04	<0,040
Tot ext alihates		<0,10	<0,10	0,1
non-polar aliphatics		<0,10	<0,10	<0,10
tot ext aromatics		<0,10	<0,10	0,18

Fylgiskjal: Samþykki UST um að sleppa fyrri sýnaröð ársins 2017

From: Guðbjörg Stella Árnadóttir [mailto:gstella@umhverfisstofnun.is]
Sent: 10. apríl 2017 10:45
To: Helga Hreinsdóttir <haust@haust.is>
Cc: 'Ólafur Áki Ragnarsson' <olafur@vopnafjardarhreppur.is>; ahaldahus@vopnafjardarhreppur.is
Subject: RE: sýnataka frá urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Nýpslón fyrir 1.5.2017

Sæl Helga

Þar sem ekki er búið að ganga frá sýnatökubrunnunum þá tel ég, eins og þú bendir réttilega á, að niðurstöður sýnatökunnar verði ekki marktækar og því ekki ástæða til að taka sýnin fyrir en í haust. Verið er að vinna svar við úrbótaáætlun sem send var stofnuninni og þar kemur fram áætlun varðandi sýnatökubrunnanna.

Kveðja
Stella

Bestu kveðjur, Best regards
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Teymisstjóri, Team leader
Svið samþættingar, Department for Operation



From: Helga Hreinsdóttir [mailto:haust@haust.is]
Sent: fimmtudagur, 6. apríl 2017 11:28
To: Guðbjörg Stella Árnadóttir
Cc: 'Ólafur Áki Ragnarsson' ; ahaldahus@vopnafjardarhreppur.is
Subject: sýnataka frá urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Nýpslón fyrir 1.5.2017

Sæl Guðbjörg Stella.

Skv. starfsleyfi frá des. 2015 fyrir Urðunarstað Vopnafjarðarhrepps á Búðaröxl á að taka sýni tvisvar árlega. Fyrir 1.5. á aðeins að taka hæð grunnvatnsborðs í mælibrunnum og svo auðvitað rennsli sem á að mæla mánaðarlega.

Í starfleyfinu segir

Staða grunnvatns, Hæð grunnvatnsborðs skal mæld tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.

Í mælibrunnum:

a) einn ofan urðunarstaðar

b) tveir neðan urðunarstaðar

Nú er ekki búið að tengja mælibrunna og sýnatökur/mælingar því að mínu mati marklausar, ekki er hægt að mæla hæð grunnvatnsborðs bara út frá pollum og skurðum.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er með samkomulag við Vopnafjarðarhrepp um að sinna sýnatökum við urðunarstaðinn, en ég tel ástæðulaust að fara sér ferð á staðinn til þess eins að staðfesta að ekki sé hægt að taka sýni úr brunnum sem eiga að vera komnir niður.

Ég legg sem sé til að ekki verið farið á staðinn til sýnatöku/mælinga fyrir en í haust þegar vonandi verður komin sýnatökuaðstaða. Ef UST telur að fara eigi á staðinn þá væri gott að heyra af því en annars lít ég á þetta sem tilkynningu um að sýnin verði ekki tekin í þessum mánuði.

Ég sendi afrit af þessum pósti til sveitarstjóra og yfirmanns í áhaldahúsi, þeir gera þá líka aths. ef þeir sjá ástæðu til.

Með góðri kveðju,

Helga Hreinsdóttir, frkvstj.

HAUST, Heilbrigðiseftirlit Austurlands

General Manager, East Iceland Office for Public Health and Environment

474 1235, 893 0051, haust@haust.is